

## Sögugrunnur:

Námsgagn til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum.



Málið er í mikilli og örri mótun hjá börnum á leikskólaaldri og fyrstu árum grunnskóla. Til að börn nái góðum tókum á móturmáli sínu þurfa þau auðugt málumhverfi og tækifæri og hvatningu til að nota mál á fjölbreyttan hátt við mismunandi aðstæður.

Mál ungra barna er bundið við aðstæður og þau ganga út frá því að aðrir í umhverfinu hafi sömu vitneskju og þau sjálf. Það getur því verið erfitt að skilja frásagnir þeirra og þau ráða ekki við að setja saman söguþráð í spunninni frásögn. Aftur á móti ráða þau betur við að segja frá atburðum sem þau hafa sjálf upplifað og einnig að búa til eigin sögur í leik. Ung börn eiga með öðrum orðum erfitt með að nota tungumálið eitt og sér til að segja frá. **Sögugrunnur** er hugsaður sem námstæki til að hjálpa börnum við frásögn, sögugerð með því að nota leik sem kennsluáferð. Með áferðinni er hægt að tengja saman hugsun og mál á hlutbundinn hátt. Myndirnar lifna við í höndum barnsins og hjálpa því að skipuleggja og segja söguna. Einnig má nota námsgagnið á fjölbreyttan hátt til að örva málþroska og læsi og til íslenskukennslu barna með fleiri en eitt tungumál.



Í **Sögugrunninum** eru myndaspjöld í sex orðflokkum og prentaðar orðmyndir sem tengjast þeim en einnig lausir stafir stafrófsins, 5 sett af lágstöfum og 2 sett af hástöfum. Myndaspjöldin flokkast í: *Persónur, Dýr, Byggingar, Farartæki, Hluti og leikföng, Umhverfi og veður*. Að auki eru svo algengustu *lýsingarorð, sagnorð og smáorð* sem hægt er að nota til að vinna með röðun orða í setningu.

**Sögugrunnurinn** er námsgagn sem hægt er að nota til að vinna með íslenskt mál til að þjálfa börn í að segja frá á þann veg að þeir sem hlusta skilji frásögnina án þess að hafa verið viðstaddir atburðinn sem verið er að lýsa. Við sögugerðina er notuð segultafla sem verður eins konar leiksvið fyrir frásagnir og hugtakanotkun barnanna. Yngri börn nota myndirnar til að hlutgera söguna en þær geta einnig verið stuðningur við að skipuleggja söguþráðinn. Eftir því sem börnin verða eldri ná þau betri tókum á sögugerðinni sjálfri og geta farið að tengja myndaspjöldin orðmyndunum og nota bókstafina til að vinna með hljóð orðanna en einnig til að búa til ný orð í söguna sem ekki eru til myndspjöld fyrir.

Til viðbótar við möguleika **Sögugrunnsins** til heildstæðrar málkennslu er hægt að nota hann til að vinna með málið frá einingu til heildar og vekja áhuga á ritmáli. **Sögugrunnurinn** er hægt að nota sem sérkennslutæki til að stuðla að bernskulæsi í leikskóla og lestri í grunnskóla. **Sögugrunnurinn** er til sölu hjá Barnasmíðjunni ehf., Gylfaflöt 7, Grafarvogi, Rvk.

Nánari kynning hjá höfundum: Guðrún Sigursteinsdóttir s. 581-1840 gsm 865-4611 netfang: [gsigurst@hotmail.com](mailto:gsigurst@hotmail.com) Rannveig Oddsdóttir s. 562-4406 gsm 864-7422 netfang: [svanni@centrum.is](mailto:svanni@centrum.is)